

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. ágúst 2021 vegna auglýsingar á tillögu að nýju deiliskipulagi vegna Gufunes, samgöngutengingar.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að nýju deiliskipulagi vegna Gufunes, samgöngutengingar, birtist í Fréttablaðinu á morgunn, 4. ágúst. Tillagan er í kynningu frá 4. ágúst 2021 til og með 15. september 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð:

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/gufunes-samgongutengingar-0>

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Gufunes, samgöngutengingar.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. júlí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 22. júlí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir samgöngutengingar í Gufunesi. Um er að ræða ca. 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Einnig er Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag o.fl. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **4. ágúst 2021 til og með 15. september 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 15. september 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.